



Reykjavík 16. mars 2020

Kæra samstarfsfólk.

Enn þrengir að allri starfsemi og venjur hversdagsins breytast. Við höldum okkur við þær ráðleggingar sem birtast á vef landlæknis. Samkomubann hefur verið sett á og mælst er til að ekki komi fleiri saman en 100 manns með tvo metra á milli sín. Það þýðir það að í fæstum kirkjum er rúm fyrir svo margt fólk ef 2 metrar eru á milli. Ég ítreka að hver prestur finni sínar leiðir varðandi þjónustuna. Heimafólk þekkir sínar aðstæður og bregst við í samræmi við þær. Kirkjustarf hlýtur þó að fara fram með öðrum hætti en tíðkast. Við hættum ekki að veita sálgæslu og leggjum okkur fram um að hafa samband við þau sóknarbörn sem sækja starfið reglulega en eiga ekki heimangengt. Hver finnur sína leið í því. Starf sóknanna leggst ekki niður en verður með öðrum hætti. Í stærri sóknunum eru starfslíði skipt upp og mæta til skiptis á vinnustaðinn, ekki allir í einu svo minni líkur séu á því að allur hópurinn smitist ef einn smitberi mætir á staðinn.

Vandasamt er að finna leiðir til að útfarir geti farið fram. Á þetta ekki hvað síst við á höfuðborgarsvæðinu þar sem flest fólkið býr. Þar eru líka útfararstofur og þess vegna fer þetta bréf líka til þeirra. Ljóst er að nokkrir prestar eru í áhættuhópi og verða þeir sjálfkrafa leystir undan skyldum við útfarir og vinna þeirra verður að fara fram heima. Ég vil hvetja þá og aðra til að taka að sér vaktir á netkirkjunni, www.netkirkja.is og einnig til að finna aðrar óhefðbundnar leiðir til að ná til fólks með sálgæslu og boðun fagnaðarerindisins. Þá reynir meira á þá presta sem geta verið á vaktinni. Ég hef sent próföstum beiðni um að þeir kanni hjá sínum prestum hverjir geta verið á útfararvakt og hverjir ekki.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra hefur lagt fram góðar tillögur um að nokkrir prestar á höfuðborgarsvæðinu verði á útfararvakt hverju sinni og síðan verði skipt við aðra presta á viku- til tveggja vikna fresti. Mér finnst tillögurnar skynsamlegar og hef falið henni að skipuleggja vaktirnar í samráði við ykkur presta. Útfararþjónusturnar munu einnig fá þær upplýsingar. Ég bið presta um að virða þessar reglur og fara eftir þeim.

Ég ítreka að hver prestur finnur út með sínu fólki hvernig best er að standa að útförum því fleiri koma að en prestarnir, tónlistarfólk og fleira fólk og alltaf verður að hafa í huga að samkomubann ríkir, ekki fleiri en 100 manns mega vera í sama rými og 2 metrar á milli fólks. Nú þegar eru dæmi um að kistulagningarathöfn hafi farið fram með allra nánustu fjölskyldu, líkið hafi verið brennt og minningarathöfn fari fram í sumar. Einnig eru dæmi um að jarðaförum hafi verið streymt á facebook eða öðrum miðlum og sem fyrr er það þekkt til sveita að athöfninni er útvarpað út í bíla. Þær fjölskyldur sem standa frammi fyrir ástvinamissi á tímum kórónaveirunnar verða að fá skýr skilaboð um að ekki sé hægt að hafa

athafnir með ótakmörkuðum fjölda kirkjugesta eða mannmörgum kórum. Þess vegna er svo mikilvægt að við göngum í takt og að ljóst sé að á höfuðborgarsvæðinu er útfararvakt presta og hið sama gildir á landinu öllu eftir því sem við á.

Ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa deilt hugsunum sínum og hugmyndum varðandi safnaðarstarf og útfararframkvæmd. Ég og mitt starfsfólk erum til þjónustu reiðubúin og munum gera það sem við getum til að létta ykkur störfin og minnka flækjurnar sem breytt staða hefur í för með sér. Útvarpsguðsþjónusturnar halda sér á RUV á sunnudögum kl. 11 og mun ég ræða við stjórnendur RÚV um frekara samstarf RÚV og kirkjunnar á þessum óvenjulegu tímum, svo sem í tengslum við hugsanlegar sjónvarpsútsendingar frá helgihaldi í dymbilviku og á páskum.

Förum í gegnum þennan tíma með frið í hjarta, fullviss um að við erum ekki ein í ákvarðanatökum og athöfnum. Við þurfum nú eins og ávallt á andlegri leiðsögn að halda og andlegri næringu. Hana finnum við í návist við frelsara okkar, í lestri Orðsins, bæn og þakkargjörð.

Í Orðskviðunum 3:5 stendur:

„Treystu Drottni af öllu hjarta en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit“.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og starfi,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.